



FJARSKIPTI Á ÍSLANDI

Saga loftskipta- og símaþjónustu á Íslandi

Nafn skóla

Önn

Kennari: Nafn kennara

Nafn nemanda

Áfangi, hópur

	Bls.
1 SAGA SÍMANS – UPPHAFIÐ	3
2 EINANGRUNIN ROFIN – 1906	3
3 LANDSSÍMI ÍSLANDS	3
4 LOFTSKEYTASTÖÐIN – 1918	3
5 SJÁLFVIRKUR SÍMI	4
5.1 SJÁLFVIRKAR SÍMSTÖÐVAR	4
5.2 LJÓSLIÐARAR	4
5.3 GSM-KERFIÐ	4
6 HRINGT BEINT TIL ÚTLANDA – 1980	4
6.1 SÆSÍMASTRENGUR	4
6.2 SKYGGNIR	5
7 FJARSKIPTASAFN LANDSSÍMANS	5
8 HEIMILD	6

1 Saga Símans – Upphafið

Frá örófi alda hafa menn reynt að finna aðferðir til að hafa samskipti við aðra. Sending reykmerkja og trumbusláttur eru meðal þeirra aðferða sem notaðar voru í upphafi en fjarskiptatækni nútímans byggist aftur á móti á eiginleikum rafmagns og rafsegulmagns.

Gríðarlegar framfarir urðu í tæknimálum á 19. öld. Þá bjó t.d. Ampére til nálarítsíma og stuttu síðar smíðaði Morse nothæfan ritsímalykil og bjó til sérstakt stafróf. Árið 1876 talaði Bell í síma í fyrsta skipti og Marconi sendi fyrstu loftskiptin árið 1897.

2 Einangrunin rofin – 1906¹

Árið 1906 markar tímamót í fjarskiptasögu Íslendinga. Það ár var sæsímastrengur fyrir ritsíma lagður frá Skotlandi um Færeyjar til Íslands og kom hann á land á Seyðisfirði. Skeyta- og talsími var lagður frá Seyðisfirði um Akureyri og til Reykjavíkur og rauf hann einangrunina innanlands.

Margir mótmæltu lagningu símans og töldu loftskipti vænlegri kost en Hannesi Hafstein ráðherra tókst að sannfæra Alþingi um ágæti símans.

3 Landssími Íslands²

Landssími Íslands var stofnaður sama ár og símtæknin kom til landsins, árið 1906, og var hann til húsa í gamla barnaskólanum í Reykjavík á horni Pósthússtrætis og Hafnarstrætis. Fyrsti yfirmaður Landssímans var Norðmaðurinn Olav Forberg sem hafði stjórnað lagningu símalína um landið.

Fyrstu menntuðu íslensku símamennirnir voru símritarar sem höfðu verið í námi hjá Mikla norræna ritsímafélaginu í Kaupmannahöfn.

Eftirsóknarvert þótti að vinna við talsímamann og sköpuðust með honum ný atvinnutækifæri fyrir karla og konur.

4 Loftskiptastöðin – 1918³

Loftskiptastöð tók til starfa á Melunum í Reykjavík þann 17. júní 1918 í því húsi sem Fjarskiptasafnið er nú og kallaðist hún „Reykjavík radíó“. Fyrsta kallmerki stöðvarinnar var OXR en árið 1919 var Íslandi úthlutað kallmerkinu TF og bar stöðin síðan kallmerkið TFA. Upphaflega var loftskiptastöðin hugsuð sem varasamband til útlanda, viðbót við sæsímamann, en aðalhlutverk hennar varð brátt þjónusta við skip og báta og var hún bylting fyrir öryggi þeirra.

Í fyrstu fóru öll fjarskipti við skip fram á morsi en talfjarskipti hófust árið 1930. Fyrsta íslenska fiskiskipið sem fékk loftskiptatæki var togarinn Egill Skallagrímsson, árið 1920. Tveimur árum síðar var fyrsti loftskiptamaðurinn ráðinn til starfa á íslenskt skip.

Þegar skipum með loftskiptatæki fór að fjölga varð hörgull á mönnum sem gátu sinnt þessum störfum og var því efnt til námskeiðs fyrir unga menn sem vildu læra loftskiptafræði. Lauk fyrsti hópurinn námi árið 1923.

¹ Það liðu þó mörg ár þar til allir landsmenn komust í símasamband, en lagningu síma í sveitir lauk í kringum 1960 og voru þá enn margir símar á sömu linunni.

² Árið 1955 var síma- og pósthjónusta sett undir einn hatt, en árið 1998 skildu leiðir á ný og Landssími Íslands hf. var stofnaður.

³ Árið 1963 fluttist öll starfsemi „Reykjavík radíó“ í Gufunes sem er nú aðalstrandstöð fyrir skip auk þess að veita flugvélum fjarskiptaþjónustu.

5 Sjálfvirkur sími⁴

Reykvíkingar voru fljótir að taka við sér og fá sér síma. Árið 1912 voru notendur í bænum alls 300 talsins, tíu árum síðar voru þeir nær 1100 og árið 1928 voru um 2400 símnotendur í Reykjavík.

Þrátt fyrir að búið væri að byggja eina hæð ofan á gömlu símstöðina voru þrengslin slík að ekkert pláss var fyrir fleiri skiptiborð og voru vinnuaðstæður mjög erfiðar. Ákveðið var að reisa nýtt hús fyrir starfsemi símans og fékkst til þess lóð við Austurvöll. Höfuðstöðvar Landssímans eru þar enn til húsa.

5.1 Sjálfvirkar símstöðvar

Árið 1932 voru fyrstu sjálfvirku símstöðvarnar í Reykjavík og Hafnarfirði teknar í notkun. Þá gátu bæjarbúar hringt hver í annan án þess að fá samband í gegnum „miðstöð“ og hafa eflaust einhverjir saknað þess að þurfa ekki lengur að tala við stúlkurnar þar.

Sjálfvirkum stöðvum fjölgaði smám saman á landinu og árið 1976 voru allir þéttbýlisstaðir komnir með sjálfvirkan síma.

Árið 1986 voru allir símar landsmanna tengdir sjálfvirkum stöðvum og fréttir sem menn heyrðu „óvart“ í gegnum sveitasímana heyrðu sögunni til. Símastráur og línur sáust vart lengur í landslaginu þar sem farið var að plægja strengina í jörðu eða setja upp radiósambönd.

5.2 Ljósleiðarar

Lagning ljósleiðara um landið hófst árið 1985. Með honum jukust talgæði til muna en stafræn kerfi eru auk þess öruggari og hagkvæmari en fyrri kerfi. Flutningur annarra gagna en símtala varð mögulegur og var almenna gagnaflutningsnetið tekið í notkun ári síðar. Fyrstu stafrænu (digital) símstöðvarnar voru opnaðar árið 1984 og náði sú tækni til allra símstöðva ellefu árum síðar. Með stafrænu tækninni var unnt að bjóða upp á ýmsa sérþjónustu.

5.3 GSM-kerfið

Íslendingar eru fljótir að tileinka sér nýjungar og það átti svo sannarlega við um farsímana. NMT-kerfið hóf göngu sína árið 1986 og GSM-kerfið árið 1994.

6 Hringt beint til útlanda – 1980

Talsamband við útlönd á stuttbylgjum var opnað árið 1935 og voru um 250 samtöl afgreidd fyrsta mánuðinn. Gjaldið fyrir útlandasímtal þætti hátt í dag en það var þá 33 kr. fyrir þriggja mínútna símtal sem jafngilti því sem næst heilu ærverði. Til samanburðar má geta þess að áskrift að dagblaði kostaði á sama tíma 2–3 kr. á mánuði.

6.1 Sæsímastrengur

Nýr sæsímastrengur, Scotice, milli Skotlands og Íslands var tekinn í notkun árið 1962 og olli hann enn einni byltingunni í samskiptum Íslendinga og annarra þjóða. Í tengslum við strenginn var komið upp telexþjónustu hér á landi og varð hún mjög vinsæl hjá fyrirtækjum og stofnunum. Ári síðar var Icecan-strengurinn, milli Íslands og Kanada, formlega tekinn í notkun.

⁴ Árið 1952 voru fyrstu sjálfvirku símstöðvarnar í Reykjavík og Hafnarfirði teknar í notkun.

6.2 Skyggirnir

Árið 1980 kom jarðstöðin Skyggirnir til sögunnar og fóru þá samtöl til útlanda um gervihnött. Þá var fyrst hægt að hringja beint til annarra landa. Skyggirnir sinnir enn hluta þjónustunnar og er einnig notaður sem varaleið, en árið 1994 var nýr sæstrengur, Cantat-3, tekinn í notkun. Hann liggur þvert yfir Atlantshafið, frá Evrópu til Ameríku, en grein frá honum tengist Íslandi. Um hann fer nú meirihluti símtala frá landinu til útlanda og mikill gagnaflutningur, s.s. Internetið.

7 Fjarskiptasafn Landssímans

Í Fjarskiptasafni Landssímans er að finna myndir og gripi sem tengjast sögu og þróun fjarskipta á Íslandi. Saga loftskeyta- og símaþjónustu er rakin í máli og myndum auk þess sem þar er ýmiss fróðleikur um Landssímamann og fólkið sem þar hefur starfað. Húsið sem safnið er í var byggt árið 1918 sem loftskeytastöð en það var teiknað af Einari Erlendssyni húsameistara. Loftskeytastöðin var í húsinu til ársins 1963 en síðan komst það í eigu Háskólans.

Á 90 ára afmæli símans á Íslandi árið 1996 keypti Póstur og sími húsið með það í huga að koma þar upp safni um sögu íslenskra fjarskipta. Í það verk var ráðist árið 1998 og er safnið í eigu Landssíma Íslands.

Setjið dagsetninguna í dag hér

Setjið nafnið ykkar hér

8 Heimild

Fjaraskiptasafn Landssímans. (2000). *Saga loftskýta- og símaþjónustu á Íslandi*. Reykjavík: Síminn. http://www.siminn.is/forsida/um_simann/siminn/saga_simans/. (Sótt 27. júlí 2013).